



STEFNA ÍSÍ Í ALMENNINGSÍÞRÓTTUM

Íþróttastefna íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) í almenningsíþróttum er að stuðla að bættri lýðheilsu á jafnréttisgrundvelli með þróttmiklu almenningsíþróttastarfi og heilsuefningu innan íþróttahreyfingarinnar og meðal almennings í landinu í sátt við Umhverfisstefnu ÍSÍ.

Almenningsíþróttasvið ÍSÍ vinnur samkvæmt stefnu þessari og markmiðum ásamt nýjustu viðurkenndri þekkingu hverju sinni. Sviðið skal hafa umsjón með þátttöku í verkefnum IOC og styðja frumkvöðlastarf á sviði almenningsíþróttá.

Markmið ÍSÍ í almenningsíþróttum eru:

- **Að efla íþróttáþátttöku meðal sambandsaðila ÍSÍ á öllum aldri og getustigum með því að:**
 - Hvetja íþróttáfélög og íþróttáhéruð til að bjóða upp á fjölbreyttar íþróttir og hreyfingu fyrir alla aldurshópa og öll getustig.
 - Hvetja sambandsaðila til þátttöku í almenningsíþróttáverkefnum ÍSÍ.
- **Að efla almenningsíþróttáþátttöku landsmanna á öllum aldri með því að:**
 - Hvetja landsmenn til þátttöku í almenningsíþróttáverkefnum ÍSÍ.
 - Verkefni ÍSÍ höfði til allra aldurshópa, á öllum getustigum og séu á jafnréttisgrundvelli.
 - Afla og dreifa þekkingu og stuðla að nýjungum ásamt útgáfu fræðslu- og upplýsingáefnis um heilsuefningu.
 - Hvetja íþróttáhéruð og íþróttáfélög til þátttöku í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ með sveitarfélögum á hverjum stað.
- **Að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að huga að heilsuefningu starfsmanna sinna með:**
 - Því að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þátttöku í almenningsíþróttáverkefnum ÍSÍ.
 - Upplýsingagjöf til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.
 - Ábendingum um hugsanlegt samstarf fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga við íþróttáhéruð og/eða íþróttáfélög um framkvæmd einstakra þátta í heilsuefningu starfsmanna.

